



Akureyri 1. nóvember 2023  
Málsnúmer: M23-10-0438

Til þess er málið varðar.

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri fagnar tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri og styður hana heilshugar.

Það er ekki skynsamlegt að hafa öll eggin í sömu körfunni í ljósi aðstæðna m.t.t. veðurs eða annarra skakkafalla. Reynslan í sumar sýndi fram á mikilvægi þess að hafa fleiri starfsstöðvar en einungis á Höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri telur því mikilvægt að koma upp annarri starfsstöð og hafa þá fasta starfsstöð á Akureyri sem myndi styrkja viðbragðsgetu á stóru svæði til viðbótar og efla þjónustu við íbúa landsins enn betur sem er mikið öryggismál.

Á Akureyri eru allir nauðsynlegir innviðir til að þjónusta fasta starfsstöð og á SAK er til staðar mikil sérfræðigeta m.a. í ljósi reynslu sjúkrahússins af læknisfræðilegri þjónustu sjúkraflugsins undanfarna tvo áratugi. Einnig má nefna mikil tækifæri í samlegð varðandi mönnun og þá sérfræðipækkingu sem starfsfólk SAK býr yfir.

Framkvæmdastjórn telur sjúkrahúsið vel í stakk búið að taka á móti sjúklingum úr krefjandi aðstæðum. SAK er varasjúkrahús LSH samkvæmt lögum og verði þetta að veruleika þá mun hlutverk SAK styrkjast enn meira. Ennfremur mun staðsetning þyrlu á Akureyri hafa mikil og góð áhrif á mögulega þjónustu við nærliggjandi svæði, s.s. aðrar heilbrigðisstofnanir og LSH.

Framkvæmdastjórn SAK vonast til þess að þessi tillaga fái góðar undirtektir á Alþingi, öllum til góða.

Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri